


---

# Heilsuleikskólinn Laufás



**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA**

Ársskýrsla 2018-19



Heilsuleikskólinn Laufás Hlíðargata 1, 470 Þingeyri. Ísafjarðarbær

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Laufás.....	2
Fjöldi deilda og nemenda .....	2
Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll .....	3
Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar.....	3
Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans 2018-2019.....	6
Endurvinnsla og flokkun .....	11
Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi.....	11
Endur og símenntunaráætlun .....	13
Sérkennsla .....	14
Upplýsingar um sjálfsmat .....	14
Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum.....	17
Upplýsingar um keypta þjónustu .....	18
Fylgiskjal 1 .....	20
Samstarfsáætlun 2018-2019 .....	20

## Inngangur

Í ársskýrslu leikskólans Laufás fyrir skólaárið 2018-2019 verður farið yfir helstu þætti starfseminnar. Fjallað verður um skólahaldið, niðurstöður um hvernig tókst til að vinna eftir stefnum og áætlunum ársins, fjölda nemenda, fjölda kennara, stöðugildi og forföll. Mikil vinna fór í innleiðingu nýrra vinnuhátta vegna laga um persónuvernd. Við erum komin með nýjan skjalaskáp og vinna og fyrirkomulag orðið skýrara og allt starfsfólk meðvitað um vörslu persónuupplýsinga.

Upplýsingar um keypta þjónustu, sjálfsmat, um nauðsynlegar breytingar og um stórar fjárfestingar sem talið er nauðsynlegt að fara í. Einnig verður fjallað um hvernig tókst að halda fjárhagsáætlun og hvernig tókst til með starfsmarkmið.

## Laufás

Leikskólinn Laufás var formlega opnaður 19. nóvember 1988. Hann er byggður sem tveggja deilda leikskóli. Leikskólinn fékk mótuneytiseldhús 2006 og hefur séð um mótuneytisþjónustu við Grunnskólann á Þingeyri síðan. Tekin var upp Heilsustefna í leikskólanum 2007 og fékk Laufás formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskóli þann 29. sept. 2008. Laufás er opinn alla virka daga frá 7:45 – 16:15 og er einsetinn leikskóli.

## Fjöldi deilda og nemenda

Starfrækt var ein deild sem var skipt í 3 aldurskipta hópa. Boðið var upp á 4-8.5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára. Einnig sjáum við um Dægradvöl fyrir grunnskólabörn á yngsta stigi á veturna.

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2013	3	0	3
2014	4 (1)	0	4
2015	1 (1)	1	2
2016	2 (1)	( 1)	2
2017	0 (1)	2	2
2018	0	( 3)	
			<b>13</b>
			<b>Börn sem hættu hjá okkur/voru tímabundið 4</b>
			<b>Börn sem munu byrja haustið 2019 4</b>

Taflan sýnir skiptingu nemenda eftir aldri og kyni

## Fjöldi kennara, stöðugildi og forföll

Við leikskólann starfa sex starfsmenn í 4,77 stöðugildum, allt konur. Leikskólastjórinn er yfirmaður sameinaðs leik- og grunnskóla í 100% starfshlutfalli. Við leikskólann starfa tveir leikskólaliðar, annar þeirra gegnir starfi deildarstjóra og einn ófaglærður starfsmaður. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara. Í samtali við leikskólastjóra og skóla- og sérkennslufulltrúa kom fram að hjá Ísafjarðarbæ er stöðugt leitað leiða til að fá fleiri leikskólakennara og annað fagmenntað fólk til starfa við leikskólann. Í mötuneyti sem þjónar báðum skólastigunum starfa tveir starfsmenn í 0,8% stöðugildum. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahópnum, einn starfsmaður hóf störf síðastliðið haust, aðrir hafa starfað lengur (upplýsingar úr skýrslu um ytra mat sem fór fram í lok mars 2019 af Menntamálastofnun).

Einhver veikindi voru í öllum mánuðum ásamt úttekt á orlofsrétti, veikindi eru töluverð miðað við fjölda starfsmanna. Einn starfsmaður tók út orlof í maí og annar samdi um launalaust leyfi vegna sauðburðar. Starfsmaður var ráðinn inn í forföll í maí.

Veikinda dagar starfsfólks: 33 d.

Veikinda dagar vegna veikra barna: 11 dagar.

## Starfsfundir, skipulags- og námskeiðsdagar

Dagsetningar	Námskeiðs-,starfsdagar og fundir	
9. ágúst	Starfsfundur	Fundur frá kl. 8-12
7. sept.	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
5. okt.	Námskeiðsdagur/starfsdagur	Leikskólinn lokaður
23. nóv.	Starfsfundur	Fundur frá kl. 12:30 -16:00
2. jan.	Starfsfundur	Fundur frá kl. 8-12
1. feb.	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
8. mars	Starfsfundur	Fundur frá kl.12:30-16:00

<b>3. júní</b>	Starfsdagur	Leikskólinn lokaður
<b>5. júlí</b>	Starfsfundur	Fundur frá kl.13:00
<b>Óákveðið</b>	Starfsfundur eftir vinnu	4 klst. / vegna 3. júní 2019

## Námskeiðsdagar

6. október fóru þrír starfsmenn Laufáss á ráðstefnu fyrir Heilsuleikskóla, sem var haldin í Brekkuskóla á Akureyri. Markmið ráðstefnunnar var að skerpa á markmiðum Heilsustefnunnar og auka samskipti leikskóla innan samtaka heilsuleikskóla. Sólfríður Guðmundsdóttir hvatti okkur til þess að huga að eigin heilsu, Jón Baldvin skólastjóri í Brekkuskóla sagði okkur frá mikilvægi núvitundar í hraða nútímans, Sabína Halldórsdóttir kom með innlegg um hreyfingu og útinám í nærsamfélaginu en einnig fræddi Thelma Rún okkur um mikilvægi matarþjálfunar og að gæta þess að börn borði fjölbreytta fæðu. Rafræn Heilsubók barnsins hefur verið í þróun og er í prufukeyrslu á nokkrum leikskólum. Stefnt er að því að við á Laufási getum hafið notkun á rafrænni heilsubók á haustmánuðum 2019.

## Starfsdagar og fundir

Fjórir starfsfundir voru á síðasta skólaári voru haldnir frá kl 13. Við reyndum að hafa þá á föstudögum sem var ósk foreldraráðs fyrir nokkrum árum. Á starfsmannafundunum var farið yfir ýmis mál sem varða nám og kennslu í leikskólanum þar sem starfsfólk ígrundaði og skipulagði starfið. Einn starfsfundur var nýttur til að endurskoða og gera starfsmannasáttmála. Mannauðstjóri bæjarins kom að vinnunni með fræðslu og ráðum. Einnig var farið í heimsóknir á leikskólann Eyrarskjól á Ísafirði, Tanga á Ísafirði, Tjarnabæ á Suðureyri og Grænagarð á Flateyri. Heimsóknirnar voru hugsaðar sem fræðsluferðir til að sjá umhverfi og kynnast starfssemi leikskólanna ásamt því að kynnast og vera í sambandi við starfsfólk leikskólanna. Starfsdagar voru einnig notaðir til fræðslu og undirbúnings. Fjórir starfsdagar voru á árinu þar sem leikskólinn var lokaður allan daginn. Allir starfsmenn sóttu námskeið um MÍÓ í gegnum tölvuna, skimunarefni í stærðfræði sem við hófum innleiðingu á.

## Samstarf við grunnskólann

*Brúum bilið* er samstarfsverkefni á milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri. Markmiðið er að skapa samfellu á milli náms barnanna í leik- og grunnskólanum og að sú þekking og færni sem börnin öðlast

Í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á. Í þessu augnamiði er gerð samstarfsáætlun að hausti sem felur í sér gagnkvæmar heimsóknir á milli skólanna. Í fylgiskjali 1 er samstarfsáætlunin fyrir skólaárið 2018-2019.

Elstu börnin á leikskólanum taka einnig þátt í árhátíð grunnskólans með því að vera með eitt atriði á skemmtun sem haldin er í Félagsheimili Þingeyrar. Yngri börnin eru áhorfendur. Í ár var árhátíðin haldin 11. apríl.

## Dægradvöl

Í leikskólanum er boðið upp á dægradvöl fyrir 1. og 2. bekk Grunnskólans á Þingeyri eftir að skólatíma líkur. Síðast liðið skólaár var eitt barn í dægradvöl á Laufási. Þetta fyrirkomulag hefur reynst nokkuð vel og er ekki annað að sjá en að fyrrverandi leikskólanemendum finnist það vera góð tilfinning að koma aftur í leikskólann.

## Mötuneyti

Á Laufási er eldað fyrir leik- og grunnskólann. Maturinn fyrir grunnskólann er fluttur frá leikskólanum í þar til gerðum einangrunarkassa yfir í grunnskólann. Tveir starfsmenn skiptu með sér starfi matráðs í eldhúsinu. Hulda Hrönn, leiðbeinandi á deild sá um matseld á föstudögum en í vetur bættust við matartímar á föstudögum í grunnskólanum sem hefur ekki verið undanfarin ár. Starfsmaður úr grunnskólanum sækir matinn á skólabíl og sér um að skammta hann og ganga frá í eldhúsi. Kassanum er svo skilað eftir matinn til okkar. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og reynt hefur verið að koma til móts við óskir barna og nemenda eftir bestu getu. Matráður hefur boðið nemendum grunnskólans að velja sinn „uppáhaldsrétt“ og hefur það mælst vel fyrir.

## Foreldrafélag og foreldraráð

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði Laufáss eru þrjú foreldrar. Laufás er fámennur leikskóli og þess vegna var tekin ákvörðun að sömu aðilar væru í foreldraráði og foreldrafélagi Laufáss.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélagið hefur verið í góðu samstarfi við skólann og m.a. farið yfir skóladagatal áður en það var sent til fræðslunefnd til umsaganir. Foreldrafélagið færði leikskólanum leikföng að gjöf skólarárið 2018-2019 og sá það einnig um jólagjafir fyrir börnin. Foreldrafélagið hélt basar og er í sambandi við okkur um ýmsar upptökur og verkefni.

Í stjórn foreldaráðs- og félagsins eru:

Arnhildur Lilý Karlsdóttir

Guðrún Snæbjörg Sigbórsdóttir

Magdalena Kuszaj

### Foreldrafundir

Leikskólinn heldur einn foreldrafund að hausti þar sem starfsemi og nám vetrarins er kynnt. Foreldrafundur að hausti datt niður vegna anna en var bættur upp í byrjun apríl og var vináttu verkefnið kynnt í leiðinni. Þrátt fyrir að foreldrafundur hafi ekki verið haldinn að hausti hefur samstarf verið gott.

### Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið og voru þau á síðasta skólaári í september og mars. Í foreldraviðtölum er foreldrum greint frá skráningu í heilsubók barnsins sem heldur utan um þroska barnsins. Auk þess er farið yfir þætti sem varða líðan og nám barnanna í leikskólanum.

## Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans 2018-2019

Samkvæmt Aðalnámskrá Leikskóla ber leikskólum að nýta hana sem leiðarvísi. Allir starfsmenn á Laufási eru sammála því, eins og fram kemur í Aðalnámskrá að stærsta hlutverk leikskólans sé að sjá til þess að börnunum líði vel ásamt því að sinna uppeldi og umönnun. Segja má að aðalnámskrá sé samningur þjóðarinnar við sjálfa sig um menntamál. Einkunnarorð leikskólans eru: **ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA.**

Leikskólinn Laufás er heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu þar sem starfsmarkmiðin eru að;

- ✓ auka gleði og vellíðan barnanna
- ✓ leggja áherslu á hreyfingu
- ✓ holla næringu,
- ✓ gæði í samskiptum
- ✓ listsköpun í leik og starfi

## Endurmat á starfsmarkmiðum

### Gleði og vellíðan barnanna

Ýmsar leiðir eru farnar í endurmati en fyrst ber að nefna heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra*, sem er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á ýmsum þáttum sem varða nám og þroska barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor og veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni). Unnið er eftir niðurstöðum hvers og eins einstaklings til að ná settum markmiðum.

Vel gekk að ná markmiðum þar sem vel var að staðið að skipulagi og markmiðin eru þannig uppbyggð að allir eru glaðir og líður vel í notalegu og hvetjandi umhverfi.

### Hreyfing

Í heilsustefnu Laufáss er markvisst unnið með hreyfingu. Markmiðið er að tryggja hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Leiðirnar að markmiðinu er skipulögð hreyfing fer m.a. fram í sundkennslu elstu barna, og ferðir í íþróttahúsið einu sinni í viku og einnig er lögð áhersla á útvíst í valstundum á vel búnu útvistarsvæði við leikskólann sem er vel útbúið til að örva og efla hreyfifærni barnanna. Útinám fer fram í nærumhverfi skólans sem hefur margvísleg tækifæri til ýmiss konar hreyfingar.

Vel gekk að uppfylla markmið hreyfingar og var allaf farið einu sinni í viku í íþróttahúsið og það finnst börnunum og starfsfólki mjög gaman. Við höfum það markmið að fara alltaf út, ef veður er vont er útveran styttri. Elsti árgangurinn fór í sundkennslu sem var í umsjón leikskólastjóra sem kennir sund í grunnskólanum og voru þau og foreldrar þeirra mjög ánægð með kennsluna.

Áhersluþættir hreyfingar tengjast m.a. þeim matsþáttum sem skoðaðir eru í heilsubók barnsins, *Það er leikur að læra* sem fylgir hverju barni í gegnum leikskóladvölinu. Notast er við gátlista til að meta bæði fínhreyfingar og grófhreyfingar hjá börnunum.



## Holl næring

Á Laufási er stuðlað að góðum matarvenjum og hollustu. Þess er gætt að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og stuðst við lýðheilsuráðleggingar. Vatn er ávallt aðgengilegt fyrir börnin og starfsmenn. Lítið er keypt af unnum kjötvörum, og brauð eru oft bökuð á staðnum. Fylgt er eftir ráðleggingum manneldisráðs varðandi matseld.

## Endurmat

Matráður heldur skrá yfir alla matseðla og farið er yfir þá reglulega til að bæta, auka grænmeti og hollusturétti eftir því sem við á. Við fengum stóra hrærivél í eldhúsið á síðasta ári sem gerir okkur kleift að bjóða upp á fjölbreyttari mat unninn frá grunni. Það stóð til að heilsubókin yrði rafræn í vetur. Nokkrir leikskólar voru fengnir í prufukeyslu og mikil vinna var lögð í forritun. Ekki tókst að innleiða hana í vetur en við erum mjög spennt fyrir því að taka upp heilsubókina rafrænt.

## Listsköpun í leik og starfi

Samkvæmt heilsustefnunni sem unnið er eftir á Laufási hefur barn mikla þörf fyrir að skapa og gerir það allar stundir í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu. Á Laufási er lögð áhersla á að börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og í tengslum við þema skólaársins var lögð áhersla á listsköpun í tengslum við vettvangsferðir og útinám.



Útikennsla í skóginum og útivera- vetur 2018

## Endurmat

Vel tókst til við listsköpun í leik og starfi bæði í tengslum við þema síðasta starfsárs sem og í daglegu starfi. Við hugum að náttúrunni og nýtum gjarnan það sem til fellur annars staðar sem efnivið í verkefni okkar.

## Starfsáætlun 2018-2019

Á skólaárinu 2018-2019 verður unnið með þemað „Fjölskyldan mín og nærumhverfi“ (barnið sjálft) og það tengt inn á alla námsþætti að teknu tilliti til aldurs og þroska barnanna. Unnið verður að frekari útfærslu á þemanu á haustmánuðum. Markmiðin eru að:

- Að barnið verði meðvitað um sjálft sig og efli sjálfsmynd sína
- Að barnið þekki merkinguna á bak við orðið fjölskylda
- Að barnið þekki til samfélags, hvað það er og hvernig það starfar
- Vinni úr efniviði tengdu þemanu
- Að barnið þekki til heiti árstíðanna, mánuðina og daganna
- Að barnið þekki til nokkurra fugla og hátternis þeirra
- Að barnið þekki til nokkurra blóma og hvernig þau vaxa
- Upplifi heim ævintýra og sagna
- Upplifi ímyndun og tilfinningar
- Þær leiðir sem farnar verða að markmiðunum eru:
- Verkefni um samfélagið í okkar umhverfi
- Þema um fjölskylduna og nærsamfélag
- Verkefni um barnið og fjölskylduna
- Verkefni um árstíðirnar
- Þema ég sjálfur og samfélagið
- Útinám 1x-2x í viku
- Vettvangsferðir og gönguferðir
- Skoða húsin hver hjá öðrum
- Kynnast vinnustöðum foreldra
- Flokka sorp

Bækur sem verða lesnar í sögustundum verða tengdar við þemað og það sama á við um lög og þulur sem tengjast því á einhvern hátt. Farið verður í vettvangsferðir þar sem þemað verður tengt útinámi.

Mat verður lagt á framkvæmdina með skráningu. Inn í þemað verður síðan fléttað þáttum sem tengjast grunnstoðum menntunar. Grunnstoðir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru:

- Læsi í víðum skilningi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Unnið hefur verið að því að innleiða læsisstefnu Ísafjarðarbæjar „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi til að efla læsis færni barnanna og verður þeirri vinnu haldið áfram.

Aðaláherslan verður lögð á að auka orðaforða og málskilning barnanna í daglegu starfi með markvissri málörvun í daglegu starfi og leik. Í skóladagatali eru tveir dagar sem eru helgaðir lestri sem við ætlum að nota til að örva áhuga á bókalestri og efla samstarfið við foreldra um þann þátt í læsi. Við munum vera með „Bókaorminn“ en þá skiptast börnin á að hafa með sér 5 bækur sem eru lesnar í lestrarstund á hverjum degi í viku og síðan hafa börnin gert sína eigin sögu í spjaldtölvu með aðstoð mynda úr bókunum. Vinna með spjaldtölvu með börnunum er orðin töluverð og fóru allir starfsmenn leikskólans á námskeið tengdu því efni á síðasta ári. Áfram veður haldið á þeirri braut.

Áfram verður lögð áhersla á skráningu á starfinu og innra mati til að skoða það sem vel er gert og eins hitt að skoða hvað má gera betur. Einnig verður haldið áfram að vinna að innleiðingu starfsmannastefnu leikskólans og verður hún endurskoðuð á hverju ári.

Í vetur ætlum við að leggja inn nýtt efni og endurvekja Heilsuleikskólann Laufás sem vináttuleikskóla með því að innleiða vináttu verkefni Barnaheilla gegn einelti (<https://www.barnaheill.is/is/forvarnir-og-fraedsla/vinatta>).

### Endurmat

Þemað um nærsamfélagið gekk vel og var að mati barnanna og starfsfólks skemmtilegt og áhugavert. Börnin kynntu sér sitt nánasta umhverfi og heimili barnanna. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá vettvangsferðunum en myndir voru notaðar til að skrá upplifun barnanna og þau gátu skoðað þær og rifjað upp hvert þau fóru og hvað þau sáu. Börnin lærðu lagið Ó, Dýrafjörður en höfundur þess er úr

Dýrafirði. Lagið var svo sungið á 30 ára afmæli leikskólans fyrir gesti. Sagðar voru ýmsar sögur af nánasta umhverfi t.d. Sandakerlingunni sem er tröllskessa/klettur á Sandafelli.



Afmælis fiskar sem börn og gestir máluðu saman á 30. afmæli leikskólans. Börnin sungu Ó, Dýrafjörður og fyrir aftan þau er fjölskyldutréd þeirra sem var eitt af þemum vetrarins.

## Endurvinnsla og flokkun

Einn af föstum liðum í starfinu hjá okkur er endurvinnsla og flokkun á sorpi. Börnin læra að hægt er að endurnýta hluti og búa til eitthvað nýtsamlegt úr hlutum sem við myndum annars henda. Í leikskólanum flokkum við allt rusl og taka börnin virkan þátt í því. Moltukassinn okkar er fyrir löngu orðinn fullur og við þurfum nýjan en annars flokkum við lífrænan úrgang í grænupokana/tunnurnar sem fer í sameiginlega moltu bæjarfélagsins.

## Endurmat

Börnin eru dugleg að flokka rusl og taka virkan þátt í því. Flokkun á lífrænum úrgangi hófst í haust það gengur vel, það sem tilfellur er líka nýtt af starfsmönnum sem hæsnafóður. Vinna við að fá nokkrar hænur á skólalóðina er í vinnslu. Leikskólinn var skráður í Grænu skrefin og búið er að gera eina úttekt núna í sumar á okkur. Það eru nokkur atriði sem við þurfum að laga og huga að t.d. varðandi plastpokanotkun og sápuefni.

## Læsi í leikskólanum - Stillum saman strengi

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ að vinna að verkefni sem ber yfirskriftina „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi sem ætlað er að vera grunnur fyrir læsinnáms. Á Laufási er unnið markvisst að því að efla læsi með markvissri málörvun hvort sem

um er að ræða frjáls leikur, almenn samskipti og í samveru- og sögustundum. Einnig erum við með vissa tíma þar sem unnið er markvisst með málörvun daglega. Markmiðið er að:

- Að auka við málskilning
- Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.

### Leiðir að markmiðum

Farið er í leiki í litlum hópum og unnið með þætti eins og rím og þulur, hlustunar- og athyglisleiki, orð og setningar. Unnið er með efni úr bókinni *Það er leikur að læra* á skipulegan hátt og smáforrit sem aðgengilegt er í spjaldtölvum leikskólans. Lesið er fyrir börnin og sagðar sögur og notuð eru spil og annað það efni sem aðgengilegt er fyrir leikskólabörn og tengist læsi. Í þessari vinnu er tekið tilliti til aldurs og þroska barnanna og að námið fari fram í leik.

### Endurmat

Vel hefur gengið að vinna að áætlun um að efla læsi í viðum skilningi sem er gert með margþættum hætti í daglegu starfi sem og leik. Börnin eru virk og finnst mjög gaman í þessum tímum. Við höfum séð miklar framfarir í elsta hópnum. Foreldrar eru sérstaklega ánægðir og hafa komið og haft á orði hvað þau sjá miklar framfarir hjá börnum sínum.



Öskudagsgleði 2019

### Skipulag á sumarönn

Skipulag á sumarönn er frábrugðið starfinu yfir vetrartímann að því leyti að þá er eiginlegt hópastarf ekki í gangi. Einnig var farið í sveitaferð að Hólum í lok maí, útskrift og útskriftarferð 5 ára barna, fjöruferðir, skógarferðir og gönguferðir og almennt meiri útivist einkenna sumarönnina. Oft var

borðað úti þegar veður var gott og ýmislegt fleira skemmtilegt gert eins og útidótadagur en þá mega börnin koma með útidót að heiman.

### Endurmat á sumarstarfi

Mat kennara var að starfsemi á sumarönn hafi almennt gengið nokkuð vel, allan júní mánuð þótt börnunum hafi fækkað mikið fram að sumarleyfinu. Starfsfólk reynir að hjálpast við að frágang og undirbúa lokun, ýmist með tiltekt og þrifum.

### Endur og símenntunaráætlun

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við síbreytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunaráætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

Á sameinginlegum námskeiðdegi leikskóla Ísafjarðarbæjar er alltaf sérsniðið námskeið sem snýr að leikskólastarfinu. Reynt er að hafa bæði fjölbreytt og fræðandi efni sem snýr beint að börnunum eða fræðsla sem er ætluð starfsfólkinu sem upplýsir um t.d. alvarlegri mál sem lýtur að þroska barna og leiðir okkur í átt að því að verða betur upplýst um sem flesta þætti.

- Á Laufási er starfsfólk hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína.
- Á Laufási er starfsfólk hvatt til þess að lesa greinar og kynna sér nýjungar.
- Á Laufási eru starfsdagar og starfsmannafundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

### Endurmat

Talsvert var um námskeið og ráðstefnur sem starfsmenn sóttu. Einn námskeiðsdagur var á síðasta skólaári fyrir allt starfsfólk leikskólans og einnig var farið á kynningu á Gæðagreinum sem er matskerfi sem við erum að vinna við að taka upp sem nýtist við innra mat skólans. Allir skólar í sveitarfélaginu eru að fara vinna að því. Verkefnastjóri er Jóna Ben skólastjóri á Suðureyri. Við sóttum ekki námskeiðsdag bæjarins heldur fóru starfsmenn á Heilsuskólaráðstefnu á Akureyri. Það voru allir sammála því að þetta hefði verið best nýtti starfsdagar til þessa. Fyrirlestrar mjög áhugaverðir og kveiktu áhuga. Einn starfsmaður var á síðasta skólaári í viðbótarnámi leikskólaliða, í fjarnámi við Borgarholtsskóla. Deildarstjóri fór á námskeið Vináttu hjá Barnaheill en það er vináttuverkefni gegn

einelti sem verður leitt inn í leikskóalstarfið haustið 2019. Leikskólastjóri sótti auk þess miniUTÍS á Sauðarkróki ásamt ýmsum ráðstefnum og námskeiðum sem haldin voru á skólaárinu.

## Sérkennsla

Ekki hefur verið þörf á sérstakri sérkennslu í vetur. Komið er til móts við þarfir hvers barns þar sem það er stadd. Ef upp koma áhyggjur og/eða niðurstöður úr skimunum sýna að þörf er á frekari stuðningi er gerð einstaklingsáætlun í samstarfi við leikskólafulltrúa, Guðrúnu Birgisdóttur sem sinnir faglegum ráðleggingum og leggur fyrir skimanir. Áhersla er einnig lögð á að veita sem mestan stuðning inni á deildum. Eins og áður sagði var ekkert barn í vetur með beiðni um greiningu. Nokkur skimunarpróf eru notuð í leikskólanum til að meta þroska og nám barna. Skimunaráætlun birtist á heimasíðu leikskólans, [http://laufas.isafjordur.is/um\\_leikskolann/aaetlanir\\_og\\_skyrslur/skra/32/](http://laufas.isafjordur.is/um_leikskolann/aaetlanir_og_skyrslur/skra/32/)

## Upplýsingar um sjálfsmat

**Heilsubók barnsins** er eitt helsta matstækið á Laufási. Tvisvar á ári er skráð staða hjá hverju barni fyrir sig, varðandi helstu þroskaþætti sem og geta hjá börnunum. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári.

**MÍÓ** skimunarefni í stærðfræði sem við hófum vinnu með í vetur, skimun sem við tengjum við „Stillum saman strengi“ og miðar að einstaklingsmiðun þegar við lærum stærðfræði í leik.

**Hljóm-2** próf eru tekin á hverju ári hjá elsta árgangi leikskólans. Mikilvægt er að rýna í niðurstöður og vinna markvisst eftir þeim þ.e. skipuleggja starfið út frá því.

**Foreldraviðtöl** eru tvisvar á ári þar sem foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður sem skráðar eru í Heilsubók barnsins og þeim gefinn kostur á að ræða einslega við hópstjóra og stöðuna á leikskólanum hverju sinni.

**Starfsmannaviðtöl** eru einu sinni á ári, hægt að óska eftir þeim oft.

**Starfsmannafundir** eru 4 sinnum á ári til að skoða, meta, bæta og vinna í því að gera okkar besta hverju sinni.



## Starfsskýrsla / skóladagatal Laufáss 2018-2019

Hér verður fjallað um áttburði sem skráðir voru í skóladagatal ásamt ferðum, skemmtunum, menningarviðburðum og hefðum á Laufási skólaárið 2018-2019.

**Leiksýning:** Í Edinborgarhúsinu, verkefni *List fyrir alla*. Elstu börnin fóru með yngstu nemendum G.P. Leikhúsferðin var 2. október. Á næsta ári er fyrirhuguð ferð 4. september.

**Náttúrudagur:** Börnin fóru og tíndu rusl í nánasta umhverfi leikskólans. Einnig voru tínd lauf og steinar sem voru notuð í haustverkefni barnanna. Börnin lærðu um hin ýmsu form laufanna, liti þeirra og voru kynnt fyrir nokkrum tegundum trjáa.

**Dótadagur:** Nokkrir dótadagar voru á starfsárinu 2018-2019. Einnig voru tveir úti dótadagar í maí og júní. Á þessum dögum mega börnin koma með eitt leikfang að heiman í leikskólann. Börnunum finnst þessir dagar mjög skemmtilegir. Við prófuðum að hafa hjóladag sem lukkaðist líka mjög vel (hugmynd frá barni).

**Skólahlaupið:** Hlupum skólahlaupið með nemendum G.P. Mjög skemmtilegt og mörg börn komu á óvart í þoli og styrk. Mjög hvetjandi og skemmtilegur viðburður.

**19. nóvember:** Þennan dag varð Laufás 30 ára og var foreldrum, öfum og ömmum boðið í veislu ásamt bæjarstjóra og fleiri góðum gestum. Við fengum stóra afmælsköku og málaðir voru 30 fiskar sem táknuðu hvert ár. Fiskarnir voru til sýnis á listsýningu og ætlunin er að setja þá á girðinguna úti.

**6. desember:** Jóla smákökubakstur

**12. desember:** Jólastund með foreldrum þar sem við buðum upp á piparkökur sem börnin höfðu bakað og skreytt og sungin voru nokkur jóalög.

**Jólagleði:** Jólagleðin var haldin 18. desember og komu tveir jólasveinar í heimsókn með gjafir fyrir börn og starfsfólk. Síðan var boðið upp á hátíðarmat í hádeginu og smákökur í síðdegis hressingunni.

**Þorrablót:** Að venju var haldið Þorrablót í leikskólanum og börnunum boðið upp á þorramat að íslenskum sið á Bónadaginn, sem var að þessu sinni 18. janúar. Börnin höfðu búið



sér til þorakórónur og sungin voru nokkur lög undir borðhaldinu. Skemmtilegur og þjóðlegur dagur, en þó verður að segjast að börnin eru misdugleg að borða þorramatinn, en þau smakka nú oftast.

**Rafmagnslausdagur:** Við héldum rafmagnslausan dag. Höfðum ljósin slökkt og lékum okkur með vasaljós. Ætlum að þróa þennan dag og nota endurskin úti í myrkrinu með vasaljósunum, uppgötva og gera tilraunir.

**Dagur leikskólans:** Þann 6. febrúar ár hvert er dagur leikskólans og er markmiðið með deginum að kynna það starf sem fer fram í leikskólum landsins. Það var opið hús hjá okkur í hádeginu og buðum við upp á útisúpu. Við létum ekki kuldalegt veðrið stoppa okkur og áttum notalega stund saman í skjóli undir vestur vegg leikskólans okkar.



Útisúpuboð á degi leikskólans febrúar 2019.

**Bollu- sprengi- og öskudagur:** Bollur eru borðaðar í öll mál, rjóma- og sultubollur í hressingum og fiskibollur í hádeginu. Á öskudaginn er búningadagur og börnin komu í allskyns búningum. 1. og 2. bekkur G.Þ. komu í heimsókn og kötturinn var sleginn úr tunnunni og síðan var dansað.

**Dagur fjölbreytileikans:** Vitundarvakning um Downs heilkenni. Í tilefni dagsins klæddust börn og starfsfólk mislitum sokkum.

**Blár dagur:** Börnin og starfsfólk krydduðu hversdagsleikann og mættu í bláu ásamt því að minna á dag einhverfu.

**Árshátíð G.Þ. :** Elstu börnin komu fram á fyrri sýningu árshátíðar G.Þ. sungu og léku lög um vináttu og knús. Börnin stóðu sig mjög vel og bræddu gesti sýningarinnar.

**Vorganga:** Skemmtilega létt vorganga með grunnskólanum, komið við á dvalarheimilinu Tjörn og sungið „Vertu til“ fyrir allar ömmurnar og afana þar.

**28. maí:** Útskrift elstu nemenda. Foreldrum og öðrum velunnurum boðið að koma til að vera við útskriftina og öllum boðið upp á grillaða hamborgara. Nemendur sem útskrifuðust fóru í útskriftarferð. Heimsóttu m.a. sundlaugin í Bolungarvík og Melrakkasetrið í Súðavík.

**31. maí:** Sveitaferð að Hólum þar sem við skoðuðum fjárhúsin, nýfæddu lömbin og grilluðum.

**Listsýning:** Samstarf við leikskóla Ísafjarðarbæjar, haldin í júní í Stjórnsýsluhúsinu.

**5. júlí:** Sumargleði og þá er foreldrum boðið í heimsókn og við grilluðum pylsur og boðið verður upp á andlitsmálningu og hestaferðir og Karíus og Baktus ætla að kíkja í heimsókn.

## Upplýsingar um breytingar, viðgerðir og viðhald í leikskólanum

### Aðkallandi viðhalds verkefni

- Komið er að því að það þurfi að mála gang og anddyri skólans. Eldhús var málað sumarið 2018 ásamt þaki og tveimur gluggum sem snúa áveðurs.
- Það þarf að mála glugga að utan.
- Laga þarf innkeyrslu fyrir framan, þar er gangstígur sem ekki þolir að það sé keyrt á. Það þarf að keyra þar til að sækja mat og koma með aðföng.
- Setja þarf upp nýjar rúllugardínur, í eldhúsi, skrifstofu og kaffistofu. Aldrei hefur verið skipt um þessar gardínur í leikskólanum og þær eru mjög sjúskaðar og upplitaðar.
- Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum. Það væri mjög skemmtilegt að útbúa þarna frekar gróft svæði, með hellum og hlóðum og náttúrulegu leikefni. Foreldrafélagið hefur sýnt áhuga á þessu verkefni líka.
- Það þarf að fara yfir Aðgerðaráætlun Vinnueftirlits og laga það sem fram kom að væri ábótavant á leikskólanum. Eitt af því er að fara yfir loftræstikerfið sem er í vinnslu og hefur verið frá haustmánuðum 2015. Ekkert hefur verið unnið í þessu á árinu 2018-19.

## Brýnt viðhald á leikskólalóðinni

- Það þarf að laga aðkomuna að leikskólanum, það er að segja afgirti reiturinn þegar komið er að skólanum. Það væri mjög skemmtilegt að útbúa þarna frekar gróft svæði, með hellum og hlóðum og náttúrulegu leikefni. Ég er viss um að foreldrafélagið myndi koma að þessu með vinnuframlagi af einhverju tagi.
- Vinna þarf skipulega að því að uppræta illgresi á lóðinni.
- Setja ræsi fyrir framan hliðið, en þar myndast stór pollur þegar það rignir.
- Mála leiktæki næsta sumar.
- Áhaldahús ætlar að laga „bryggjuna“ sem var máluð með þekjandi og litar útiföt barnanna.
- Breikka aðkomuna að leikskólanum, allt í drullu fyrir framan og uppspænt, því hellulagða stéttin eru ekki nægilega breið, þar sem keyrt er þarna um þegar maturinn er sóttur og komið er með vörur.

## Upplýsingar um keypta þjónustu

- Keypt var þjónusta af eftirfarandi aðilum:
- Origio sinnir tæknimálum og Snerpa vegna heimasíðu leikskólans.
- Námskeið fyrir námskeiðsdag leikskólanna.
- Vináttunámskeið sem deildarstjóri sótti til Reykjavíkur.
- Keypt var þjónusta af rafvirkja vegna viðgerðar á ofni í eldhúsi og uppþvottavél.



Myndir eftir tvö börn úr fjölskylduþema verkefninu-foreldrar fengu í jólagjöf frá börnum sínum lykklappu með mynd sem barnið þeira málaði.

## Hvernig tókst að halda fjárhagsáætlun

Vel tókst að halda fjárhag innan ramma fjárhagsáætlunar á þessu tímabili. Staða fjárhags í sveitastjóra 25. júní 2019:

**Hreyfing:** 12.121.130 kr. **Áætlun:** 15.062.436 kr. **Mismunur:** 2.941.306 kr.

Lýkur hér yfirferð á helstu atriðum á 30. starfsári Heilsuleikskólans Laufáss að Hlíðargötu 1. Samantektin er ekki tæmandi en góð viðbót við heimildir um skólastarfið skólaárið 2018-2019.

Erna Höskuldsdóttir, skólastjóri.

Lára Ósk Pétursdóttir, deildarstjóri.

## Fylgiskjal 1

### Samstarfsáætlun 2018-2019

SKÓLAHEIMSÓKNIR ERU Á MILLI 10:15 – 12:10	
Dagsetningar og titill:	Hvað á að gera?
<b><u>29. september</u></b>  <b>Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann</b>	Elstu börnin á leikskólanum koma í grunnskólann og fá kynningu um skólann undir leiðsögn skólastjóra.
<b><u>2. október</u></b>	Leikhúskerfið á Ísafjörð, <i>List fyrir alla</i> með yngsta stigi í grunnskólanum.
<b><u>9. nóvember</u></b>	Elstu börnin á leikskólanum taka þátt í kennslustundum með yngstastigi.
<b><u>19. nóvember</u></b>	Nemendum í 1.-2. bekk boðið í afmæli leikskólans.
<b><u>Desember</u></b>  <b>Heimsókn leikskólabarna í grunnskólann</b>	Leikskólabörnum boðið á „Rauðadaginn“ í grunnskólanum og á Töfrasýningu.
<b><u>28.-31. janúar. mán-þrið-mið-fim</u></b>	Sundnámskeið leikskólabarna í umsjón sundkennara grunnskólans.

<b><u>20. febrúar</u></b>	Nemendur í 1. bekk taka þátt í útikennslu með elstu börnum leikskólans.
<b><u>6. mars- Öskudagur</u></b>	Nemendur 1.-2. bekkjar taka þátt í Öskudagsfagnaði leikskólans. Búningadagur.
<b><u>13. mars</u></b>	Nemendur í 1. bekk taka þátt í jóga tíma með elstu börnum leikskólans.
<b><u>22. mars</u></b>	Elstu börn leikskólans taka þátt í kennslustundum með yngstastigi.
<b><u>11. apríl</u></b>  <b>Árshátíð</b>	Leikskólinn tekur þátt í fyrri sýningu árshátíðar.
<b><u>3. maí- Vorganga</u></b>	Sameiginleg gönguferð Láfás og G.Þ. kl. 11:20  Hugað að umhverfi og náttúrunni.
<b><u>9. maí k. 10:30-11:30</u></b>  Heimsókn 5 ára barna með foreldrum í grunnskólann	5 ára börn koma með foreldrum sínum í grunnskólann og fá kynningu á skólanum undir leiðsögn skólastjóra
<b><u>28. maí kl:17:00</u></b>  <b>Skólafærninámskeið</b>	Skólafærninámskeið fyrir forráðamenn 5 ára barna.  Umsjón: skólastjóri og umsjónarkennari.
<b><u>29. maí</u></b>  <b>Sameiginleg vogleði</b>	Haldin síðasta kennsludag vetrarins. Þátttaka leikskólans er breytileg.